

GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu
vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.**

1. gr.

Byggingarleyfi skv. 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja byggingu sem fengið hefur útgefið byggingarleyfi. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 15 m² eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld, sem skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald:

- 1.1. Fyrir sérhvert byggingarleyfi vegna nýrra mannvirkja, viðbygginga og niðurrif húsa, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 60.000.
- 1.2. Fyrir breytingu á áður útgefnu byggingarleyfi og fyrir byggingarleyfi sem felur í sér minniháttar breytingu á þegar byggðu mannvirki, greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 30.000.

Fyrir sérhvert byggingarleyfi greiðist að auki rúmmetragjald sem hér segir: *kr. pr. m³*

1.3 Íbúðarhúsnæði og bílgeymslur	260
1.4 Atvinnu- og þjónustuhúsnæði (skrifstofu-, verslunar- og gistihúsnæði)	260
1.5 Iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar	80
1.6 Sumarhús	450

Innifalið í gjaldinu er skráning umsóknar, yfirferð uppdráttar og útgáfa byggingarleyfis, lögbundið byggingareftirlit, lögbundin öryggisúttekt og lokaúttekt ásamt skráningu húss hjá Þjóðskrá Íslands.

Gjöld miðast við eina yfirferð hönnunargagna.

Gjöld vegna aðkeyprtar yfirferðar séruppdráttar eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

Sé sótt um endurnýjun byggingarleyfis og breytingar að auki skal farið með það sem nýtt byggingarleyfi, það sem áður hefur verið greitt kemur til frádráttar.

2. gr.

Málsmeðferð tilkynnta framkvæmda,

sbr. ákvæði gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð.

Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda sbr. gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð greiðist afgreiðslugjald kr. 30.000.

Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráningu hjá Þjóðskrá Íslands.

Öll gjöld skv. 1.–2. gr. falla í gjalddaga við samþykkt byggingaráforma og skulu greidd áður en byggingarleyfi er gefið út.

Af íveru- og þjónustuhúsnæði er að auki innheimt sorphreinsunar- og/eða sorphögunargjald af starfseminni.

3. gr.

Gjöld vegna stöðuleyfa.

<i>Gjaldflokkur:</i>	<i>kr.</i>
3.1 Stöðuleyfi 20 feta gáma á gámasvæði sveitarfélagsins, veitt til allt að eins árs	30.000 pr. einingu
3.2 Stöðuleyfi 40 feta gáma á gámasvæði sveitarfélagsins, veitt til allt að eins árs	45.000 pr. einingu
3.3 Stöðuleyfi gáma, báta o.fl. annars staðar en á gámasvæði sveitarfélagsins, veitt í 1 til 6 mánuði	30.000 pr. einingu

3.4	Stöðuleyfi gáma, báta o.fl. annars staðar en á gámasvæði sveitarfélagsins, veitt í 7 til 12 mánuði	60.000 pr. einingu
3.5	Stöðuleyfi söluvagna, söluskúra, veitingaskála/gáma, veitt í 1 til 6 mánuði	50.000 pr. einingu
3.6	Stöðuleyfi söluvagna, söluskúra, veitingaskála/gáma, veitt í 7 til 12 mánuði	100.000 pr. einingu

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald skv. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.–16. gr. skipulagslaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa.

Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits s.s. umsýslu og málsmeðferð skipulagsfulltrúa, utanaðkomandi sérfræðivinnu, nauðsynlegra umsagna, auglýsinga o.s.frv. Lágmarksgjald skal þó vera 70.000 kr.

Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa vegna útgáfu framkvæmdaleyfis er 12.500 kr./klst.

5. gr.

Gjald fyrir skipulagsvinnu skv. 2. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda eða grenndarkynna byggingarleyfisumsókn er tekið gjald sem nemur kostnaði við skipulagsgerðina, umsýslu, kynningu og auglýsingu.

5.1	Aðalskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 36. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	180.000
5.2	Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	80.000
5.3	Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	180.000
5.4	Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr. án lýsingar og kynningar skv. 4. mgr. 40. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	105.000
5.5	Breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	105.000
5.6	Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. með grenndarkynningu	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	105.000
5.7	Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. án grenndarkynningar	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	40.000
5.8	Grenndarkynning byggingar- eða framkvæmdaleyfis skv. 44. gr.	
	Umsýslukostnaður ef sendar eru fleiri en 5 tilkynningar	40.000
5.9	Málsmeðferð stakra framkvæmda skv. 1. tl. ákvæða til bráðabirgða	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslukostnaður	40.000

6. gr.

Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir aðra þjónustu er innifalin er við útgáfu byggingarleyfis sbr. 2. gr. ber að greiða eftirtalin gjöld:

	<i>kr.</i>
6.1 Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar	95.000
6.2 Lóðarsamningur nýrrar lóðar	50.000
6.3 Lóðarsamningur vegna eldri lóðar eða breytingar á samningi	30.000
6.4 Hver endurskoðun á hönnunargögnum	20.000
6.5 Vottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	20.000
6.6 Úttekt vegna leiguhúsnæðis	
<i>Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa skv. reikningi þó að lágmarki 2 klst.</i>	
6.7 Ástandsskoðun húss	
<i>Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa skv. reikningi þó að lágmarki 2 klst.</i>	
6.8 Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta	10.000
6.9 Vottorð vegna rekstrarleyfa, án úttektar	10.000
6.10 Vottorð vegna rekstrarleyfa, með úttekt	30.000
6.11 Útsetningar og mælingar	
<i>Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa skv. reikningi þó að lágmarki 2 klst.</i>	
6.12 Útbúa lóðarblöð	
<i>Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa skv. reikningi þó að lágmarki 2 klst.</i>	
6.13 Stofnun lóða í Þjóðskrá Íslands skv. 48. gr. skipulagslaga	18.000
6.14 Stofnun lóða í Þjóðskrá Íslands á grundvelli deiliskipulags	12.000
6.15 Breyting á skráningu í Þjóðskrá Íslands	6.000

7. gr.

Gildissvið.

Gjaldskráin gildir fyrir sveitarfélagið Mýrdalshrepp.

8. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi nr. 325/2019 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi sem tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda var samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 20. ágúst 2020.

Vík, 21. ágúst 2020.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri



B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2020

